



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi áform um barnvæna höfuðborg

Á fundi borgarráðs þann 8. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Velferðarsvið og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa borgarinn taka undir umsögn skóla og frístundasviðs um hvatningu UNICEF þess efnis að Reykjavíkurborg gerist barnvænt sveitfarfélag dags. 13. 12. 2021. Í umsögninni kemur fram að Velferðarsvið og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa borgarinnar taki undir umsögn skóla- og frístundasvið um Barnvænt Sveitarfélag og Reykjavíkurborg verði fyrsta Barnvæna höfuðborgin á heimsvísu. Fullrúi Flokks fólksins spyr hvernig getur. Reykjavík verið fyrsta Barnvæna höfuðborgin á heimsvísu þegar 2012 börn bíða eftir þjónustu ýmissa fagaðila.? Hvernig samræmist þetta vera á heimsvísu með alla þessa biðlista og leikskólavanda?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags 12. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013 og UNICEF á Íslandi, í samstarfi við umboðsmann barna, hóf árið 2016 að þróa verkefnið Barnvæn sveitarfélög sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi.

Reykjavíkurborg ber að innleiða Barnasáttmálann í sína vinnu. Menntastefna Reykjavíkur byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Nú þegar eru fjölmörg verkefni í gangi sem byggja á Menntastefnunni og Barnasáttmálanum, eins og Réttindaskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Reykjavíkurborg er einnig þátttakandi í tilraunaverkefni með UNICEF og fleiri sveitarfélögum að aðlaga Réttindaskólaverkefnið að leikskólum.

Tekið er undir mikilvægi þess að mæta þörfum barna og fjölskyldna hratt og vel og ná niður biðlistum. Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna krefjast nýrra vinnubragða í samskiptum þeirra sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Innleiðing á verkefninu Betri borg fyrir börn í öllum borgarhlutum er liður í breyttum vinnubrögðum þar sem lögð er áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs með það að markmiði að



Reykjavíkurborg

samhæfa og bæta þjónustu við notendur, börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Jafnframt er markmiðið að bæta stjórnun og auka stuðning við stjórnendur og starfseiningar skóla- og frístundasviðs í borgarhlutum með fagstjórum leik- og grunnskóla og mannauðs- og fjármálaráðgjöfum. Samstarf velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs í miðstöðvum borgarinnar hefur stóreflst á liðnu ári og verið er að endurskoða alla ferla frá því að óskað er eftir stuðningi fyrir barn, hvort sem það kemur frá foreldrum eða starfsfólki í skóla- og frístundastarfi. Markmiðið er að bregðast sem fyrst við svo auðveldara sé að eiga við það sem upp kemur og setja í samþættari farveg þegar barn og fjölskylda þurfa meiri stuðning.

Reykjavíkurborg er því nú þegar að gera margt til að innleiða þær áherslur sem fram koma í Barnasáttmálanum og aðferðafræði verkefnis UNICEF Barnvæns sveitarfélags væri góður stuðningur við áframhald innleiðingarinnar. Áherslur Betri borgar fyrir börn, ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem og markviss innleiðing Barnasáttmálans eiga að stuðla því að efla og styrkja þroska barna og ungmenna og þannig að draga úr þörf barna fyrir sértækan stuðning.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari